


Alþingi  
Erindi nr. P 139/303  
komudagur 19.11.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. nóvember 2010

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga, 17. mál**

Utanríkismálanefnd hefur sent Samtökum atvinnulífsins til umsagnar ofangreinda tillögu til þingsályktunar, sbr. þingskjal 17. Samtökin sendu þann 22. mars 2010 eftirfarandi umsögn um sama mál sem flutt var á 138. löggjafarþingi:

Að mati Samtaka atvinnulífsins (SA) felst í tillögunni gagnleg greining á málefni sem hefur mikla þýðingu fyrir íslenskt atvinnulíf. SA eru fyllilega sammála því tvíþætta markmiði sem býr að baki tillögunni. Annars vegar er mikilvægt að laða erlenda fjárfesta hingað til lands, en til þess þarf augljóslega að auka traust og trúverðugleika þeirra á íslensku viðskiptaumhverfi og tryggja fjárfestingum þeirra hér á landi öruggt umhverfi. Hins vegar er mikilvægt að vernda fjárfestingar og eignir íslenskra aðila erlendis. Liggur fyrir að Íslendingar standa almennt langt að baki flestum þróuðum ríkjum í gerð samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

SA hafa meðal annars á vettvangi ráðgjafarnefndar EFTA hvatt til þess að stjórnvöld beittu sér fyrir gerð samninga um vernd fjárfestinga, síðast á ráðherrafundi EFTA-ríkja í Brussel í nóvember 2009. Hafa SA mælt með því að EFTA-ríkin fylgi þeirri reglu að leita ávallt eftir traustum fjárfestingarsamningum í fríverslunarsamningum við þriðju ríki. SA eru engu að síður sammála því sem fram kemur í þingsályktunartillögunni að inntak fríverslunarsamninga um fjárfestingar og vernd fjárfestinga er ekki að öllu leyti efnislega sambærilegt við það sem stefnt er að með tillögunni um að fjölga gerð tvíhliða samninga um gagnkvæma vernd fjárfestinga, sérstaklega með tilliti til úrlausnar hugsanlegra ágreiningsmála, sbr. Washington-sáttmálinn um lausn fjárfestingardeilna, sem Ísland á aðild að. Eru SA því fylgjandi því að auk fríverslunarsamninga munu íslensk stjórnvöld jafnframt beita sér fyrir gerð samninga við mikilvægustu viðskiptaríki um gagnkvæma vernd fjárfestinga.

Með hliðsjón af framangreindu mæla Samtök atvinnulífsins með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins